

Nr. 27.
14.
desbr.

L ö g

um

rjettindi Ábæjarkirkju í Skagafirði.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1 grein.

Ábæjarkirkja í Skagafjarðardölum skal frá 6. degi júnim. 1878 njóta sömu rjettinda og aðrar kirkjur á landinu, þannig að henni skal borga tíund, ljóstolla og legkaup sem öðrum kirkjum, og rennur það gjald í sjerstakan sjóð kirkjunnar, er gæti sömu skyldna og aðrir kirkjusjóðir.

2 grein.

Það, sem tekjur prestsins að Goðdölum rýrna við ákvörðun 1. gr., skal endurgjalda úr landssjóði, meðan prestur sá, er nú þjónar brauðinu, situr í embætti, eður þangað til, að almenn bót verður ráðin á kjörum presta, ef það verður gjört fyrir næstu presta-skipti; skal gjald það fast ákveðið 20 krónur árlega.

3 grein.

Með lögum þessum er numinn úr gildi konungsúrskurður, dagsettur 20. júnim. 1743.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 14. dag desbrm. 1877.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

L o vNr. 27.
14.
Decbr.

om

de Abøjar Kirke i Skagaffjorden tilkommende Rettigheder.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Benders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Abøjar Kirke i Skagaffjordsdalene bør fra 6te Juni 1878 nyde de samme Rettigheder som Landets øvrige Kirker, saaledes at der til samme svares Niende, Lysetold samt Begravelsespenge ligesom til andre Kirker, hvilke Indtægter tilfalde en særskilt bemeldte Kirke tilhørende Fond, imod at denne overtager de samme Forpligtelser, som der paahviler de øvrige Kirkers Kasser.

§ 2.

Den Indtægtsforringelse, som Præsten i Goddalir lider ved Bestemmelsen i § 1, erstattes af Landskassen, saa længe den nuværende Præst i bemeldte Kald beklæder Embedet, eller indtil en almindelig Forbedring af Præsternes Kaar finder Sted, saafremt dette sker inden næste Embedsffifte. Den nævnte Erstatning fastsættes til 20 Kr. aarlig.

§ 3.

Ved nærværende Lov ophæves Kongelig Resolution af 20de Juni 1743.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 14de December 1877.

Under Vort Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellesmann.